

Stólpi, útgáfa 2017.14 var nýlega sett inn hjá viðskiptavinum í hýsingu. Viðskiptavinir sem ekki eru í hýsingu hjá okkur geta ávallt náð í uppfærsluskrá á heimasíðu okkar:

<https://www.stolpi.is/uppfaerslur/>

Hér fyrir neðan er listi yfir helstu breytingar í síðustu útgáfum:

Útgáfa 2017.14

1. Innheimtukerfi – kostnaðarlyklar fyrir innheimtuaðila

Fyrirtæki sem nýta sér þjónustu innheimtuaðila, t.d. Motus, Momentum eða sambærilegra aðila, geta nú fært kostnað þeirra, sé hann til staðar, á sérstakan kostnaðarlykil. Innheimtukostnaður þessara aðila færir þá sjálfkrafa á tilgreinda kostnaðarlykil sem stilltir eru í stýriupplýsingum innheimtukerfis. Ef enginn lykill er skráður fyrir "Annar kostnaður" dregst sú upphæð frá greiðslunni og bókast ekki. Sjá nánar á mynd.

2. Innheimtukerfi – innlestur á greiðslum án kröfunúmers:

Eldri virkni: Við innlestur á greiðslum krafna úr banka voru og eru greiðslur paraðar sjálfkrafa við kröfunúmer reiknings svo greiðsla bókast rétt í bókhaldi. **Ef** kröfunúmer reiknings finnst ekki í Stólpa hefur: a) krafan áður verið lesin inn í Stólpa og kröfunúmer því ekki lengur til, b) kröfunni hafi verið (óvart) eytt í Stólpa af notanda áður en greiðslan var lesin inn eða c) krafan aðeins stofnuð í banka, en ekki í Stólpa, og því engin samsvarandi krafa til í Stólpa þegar kemur að því að para greiðsluna við reikning. Í tilfalli a) hér að framan skal að sjálfsgöðu ekki lesa greiðsluna aftur inn, en í tilfalli b) eða c) þarf að bóka greiðsluna. Ef samsvarandi kröfunúmer greiðslu var ekki til í eldri útgáfum Stólpa var ekki hægt að klára bókun greiðslu án þess að **handvirkt para saman greiðslu og reikning**.

Ný virkni: Nú er hægt að lesa inn greiðslur og para við skuldunauta **þótt engin samsvarandi krafa finnst** í Stólpa. Greiðslan parast þá sjálfkrafa við **kennitölu skuldunauts og jafnast út á móti elsta ógreidda reikningi**. Notandi er þó rækilega varaður við með sérstakri ábendingu ef ekkert kröfunúmer finnst í Stólpa, þar sem hætta er á að um tvíbókun greiðslu sé að ræða (a liður hér að framan). **Notandi verður að gæta þess að öruggt sé að greiðsla hafi ekki verið lesin inn áður svo sama greiðsla verði ekki bókuð aftur**. Með þessu er notanda gefinn kostur á að klára bókun á greiðslu með sjálfvirkum hætti þótt samsvarandi kröfunúmer finnst ekki í Stólpa en á móti kemur að notandi þarf að hafa

Skuldunautur	Kennitala	Kröfunúmer	Greiðsludags	Upphæð	Merki
		Finnst ekki (149566)	2.11.2017	12.719 kr.	
		Finnst ekki (150387)	2.11.2017	2.595 kr.	
		Finnst ekki (149377)	2.11.2017	15.663 kr.	
		Finnst ekki (148336)	2.11.2017	120.644 kr.	
		Finnst ekki (149524)	2.11.2017	40.681 kr.	
		Finnst ekki (149213)	2.11.2017	60.082 kr.	
		Finnst ekki (150232)	2.11.2017	27.005 kr.	
		Finnst ekki (150110)	2.11.2017	11.317 kr.	
		Finnst ekki (150195)	2.11.2017	7.668 kr.	
		Finnst ekki (150189)	2.11.2017	16.550 kr.	
		Finnst ekki (150177)	2.11.2017	9.545 kr.	
		Finnst ekki (150152)	2.11.2017	31.621 kr.	
		Finnst ekki (150147)	2.11.2017	18.421 kr.	
		Finnst ekki (150145)	2.11.2017	18.532 kr.	
		Finnst ekki (149775)	2.11.2017	13.374 kr.	
		Finnst ekki (150112)	2.11.2017	12.807 kr.	
		161854	3.11.2017	10.859 kr.	
		161922	3.11.2017	13.536 kr.	
		161450	3.11.2017	8.803 kr.	
		161944	3.11.2017	28.327 kr.	
		161908	3.11.2017	14.184 kr.	

þekkingu á hvernig þetta virkar svo ekki sé hætt á að sama greiðslan sé lesin ítrekað inn. Sjá nánar skýringarmynd.

Línur með rauðum texta þarf að skoða vel hvort hafi verið bókaðar áður og taka þær út ef svo er. Vinsamlegast athugið að rauðar línur geta líka verið inn á milli svo skoða þarf allan listann vel. Á meðfylgjandi skýringarmynd var búið að lesa inn greiðslur fyrir 2.11.2017 og kerfið varar notandann við með því að textinn er með rauðu lettri og í kröfunúmer kemur textinn „Finnst ekki“. Ef kröfur hafa verið lesnar inn áður inn skal eyða þeim línur áður en uppfært er í dagbók.

Hægt er að merkja línur annað hvort með því að haka í boxin eða svarta þær línur sem skal merkja og velja síðan hnappinn Merkja/afmerkja valdar eða ef merkja skal allar línur að velja þá hnappinn Merkja/afmerkja allar og þá þarf ekki að svarta fyrst.

3. Launakerfi - meðlagsgreiðslur – Vefskil skilagreinar

Innheimtustofnun sveitarfélaga er nú farið að bjóða upp á rafræn vefskil á skilagreinum meðlags og hefur þessum möguleika nú verið bætt við í Stólpa. Eins og áður þarf að handskrá inn fjárhæð og af hvaða starfsmanni skal draga meðlag en skilagrein frá launagreiðanda til **Innheimtustofnun sveitarfélaga** er nú hægt að skila með vefskilum úr Stólpa.

Byrjið á að sækja um aðgang á vefsíðu stofnunarinnar www.medlag.is, eða með því að senda tölvupóst á netfangið fyrirtaeki@medlag.is.

Í **Stýriupplýsingum** í launakerfis skal velja flipann **Vefskil**. Þar skal fylla út þá reiti sem tilteknir eru svo vefskil séu möguleg. Velja má hvaða númer er á launalið fyrir meðlag. Ef ekkert er valið þar er sjálfgefinn liður 850. Vefslóð þarf að vera: <https://skilagreinar.medlag.is/api/v1/skil>

Númer	Heiti
22	september 2017

Skilagreinar	Úttak	Síðast prentuð útborg.	Skráarslóði
Launaliði	Sleppa		
Launaseðlar	Sleppa		
Bankar	Sleppa		
Ávísanir	Sleppa		
Peningar	Sleppa		
Staðgreiðsla	Sleppa	Nr.17, Október 2016	
Stéttarfélag	Sleppa	Nr.18, Janúar 2017	Sundurhíða?
Lífeyrissjóðir	Sleppa	Nr.18, Janúar 2017	
Orlof	Sleppa		
Kjararannsókn	Sleppa		
Launaliðir	Sleppa		Samantekt?
Eftirágr. gjöld	Sleppa		
Meðlag	Vefskil		
Launayfirlit	Sleppa	Teg.yfirlits: A	Veljið Tegund C til að prenta Orlofs- og desemberuppbot

Til að senda skilagrein í vefskilum skal fara í **Mánaðarlegar útskriftir**, a) síá út fyrir hvaða mánuð skal skila, b) velja **Úttak:Vefskil** við skilagrein **Meðlag** og c) ýta á **Staðfesta**. Skilagrein sendist þá með rafrænum hætti í vefþjónustu Innheimtust. sveitarfélaga.

4. **Bifreiðakerfi:** Vélarnúmer bifreiðar kemur nú með þegar bifreiðaupplýsingar eru sóttar í bifreiðaskrá.
5. **Birgðakerfi – Birgðauppgjör:** Ný skýrsla sem sýnir magn, kostnaðarverð og söluverð á tilgreindri dagsetningu. Eldri skýrsla var óþarflega þung í vinnslu. Skýrslan hefur nú verið endurskrifuð frá grunni auk þess sem hægt er að fá skýrsluna beint yfir í Excel skrá, sem auðveldar alla frekari vinnslu og/eða samantekt ef þörf krefur.
6. **Birgðakerfi/Söluakerfi – Samsettar vörur:** Hreyfingar á lagermagni hráefnis í samsettum vörum lagfært.
7. **Söluakerfi – Vöruleit:** Í vöruleit er nú hægt að síá vöruskrá eftir völdum vöruflokki.
8. **Stimpilkukka – Senda samantekt tímaskráninga í Excel skrá.** Ný samantekt tekur saman tímaskráningar fyrir valið tímabil. Samantektin kemur í Excel skrá sem einfaldar frekari vinnslu sé þess

óskað. Samantekt sýnir fjölda tíma fyrir hvern starfsmann eða hvert verk, tekið saman per dag, viku eða mánuð. *Stimpilklukka > Vinnsla > Excel*

[Eldri breytingar, Útgáfa 2017.08 til 2017.13](#)

Almennt:

9. Nýleg uppfærsla frá Microsoft (KB4011051) veldur í vissum tilvikum villu við að opna Aðalvalmynd Stólpa. Kóði í Stólpa endurskrifaður til samræmingar við uppfærslu Microsoft.
10. **Sjálfvirkur innlestur frá Seðlabanka Íslands á skráðu gengi gjaldmiðla.** Þegar Stólpi er opnaður er daglegt gengi erlendra gjaldmiðla sótt sjálfkrafa frá síðustu skráningu (hámark tvo mánuði aftur í tímann) sé kerfið stillt með þeim hætti. Aðgerðin er stillt í: *Uppsetning > Fyrirtæki > Uppfæra gengi sjálfkrafa (já/nei)*. Ráðlagt er að láta kerfið sækja ávallt nýtt dagsgengi, þ.e. velja **Já** í stillingunni.

Bifreiðakerfi:

11. Langar athugasemdir koma nú inn á athugasemdarreit reiknings.
12. Póstnúmer og staður skilaði sér ekki hjá umráðamanni þegar bifreiðarupplýsingar voru lesnar frá bifreiðaskrá. Lagfært.
13. Innlestur Cabas flytur nú inn athugasemd við bifreið.
14. OCR rönd kröfu í netbanka kemur nú einnig á reikningsútlitið: *Bifreiðareikningur – Sundurliðun – teygður haus*. Þetta er mjög gagnlegt fyrir bifreiðaverkstæði sem rukka viðskiptavinum sína með kröfu í netbanka og vilja spara sér kostnað og fyrirhöfn við að prenta út aukalega greiðsluseðil með reikningi.

Birgðakerfi:

15. Lagaður útreikningur og útlit í uppskriftaflipa í vöruspjaldi.
16. Þegar valinn er vöruflokkur vöru tekur varan sjálfkrafa sölulykil flokksins ef hann er skráður.

Félagakerfi:

17. Ekki var hægt að setja inn afhendingarskilmála því búið var að festa sjálfgefið gildi.

Launakerfi:

18. Skattar fyrir börn voru ekki rétt reiknaðir ef laun voru frá fleiri en einni deild.
19. Launaseðlar sendir í Íslandsbanka voru ekki mótteknir vegna þess að snið á breytu í xml skeyti var ekki rétt.
20. Samtala á launakeyrlum þegar um leiðréttingu var að ræða var ekki rétt og hafnað í vefskilum.
21. Skilagrein til lífeyrissjóða og stéttarféлага var með víxluðum svæðum, þannig að fyrirspurn vísaði í rangan reit.
22. Skráning starfsmanna leyfir ekki lengur skráningu á kennitölu sem til er fyrir.

Skuldunautar:

23. Dagsetning er aðeins virk fyrir einfaldan skuldalista sem sýnir þá stöðu á valdri dagsetningu. Aðrar útprentanir miðast við dags útprentunar.
24. Við bókun reiknings var sía á ógreitt ekki virkt svo farið var í gegnum alla reikninga skuldunautar. Þetta hægði verulega á og stoppaði stundum bókun.

Sölukerfi:

25. Jöfnun reikninga virkar nú fyrir fyrri ár.
26. Í rafrænum reikningum (sendingarmáti InExchange) var útgáfudagur reiknings sjálfkrafa sá dagur sem reikningur var gefinn út. Núna er útgáfudagur rafræns reiknings sjálfkrafa skráður sem valinn gjalddagi reiknings óháð því hvenær hann er gefinn út.

Tímabókunarkerfi

27. Verkbeiðni úr tímabókunarkerfi hefur nú meira pláss til að birta skilmálatexta verkstæðis.

Ítarlegri lista yfir breytingar má finna með því að smella [HÉR](#).

Þjónustuborð Stólpa veitir nánari upplýsingar í s. 512-4400 eða sendu okkur tölvupóst á netfangið stolpi@stolpi.is.